



25. stjórnarfundur LH 6. ágúst 2020 kl. 20.00 - fjarfundur

Mættir: Lárus Ástmar Hannesson formaður, Ólafur Þórisson, Stefán Logi Haraldsson, Sóley Margeirsdóttir, Ágúst Hafsteinsson og Oddrún Ýr Sigurðardóttir úr aðalstjórn, Siguroddur Pétursson, Rósa Birna Þorvaldsdóttir og Lilja Björk Reynisdóttir úr varastjórn.

Fjarverandi: Eggert Hjartarson úr aðalstjórn, Þórdís Arnardóttir og Ómar Ingi Ómarsson úr varastjórn

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stjórnar fundi.

1. Íslandsmót ungmenna og fullorðinna í hestaíþróttum 2020

Mikil óvissa er varðandi framvindu COVID-19. Umræða varð um hvaða möguleikar eru í stöðunni varðandi hvort halda eigi Íslandsmót 12. -16. ágúst eða hvort skynsamlegt sé í ljósi smitvarna að aflýsa því. Ólafur Þórisson formaður keppnisnefndar greindir frá mismunandi sjónarmiðum innan nefndarinnar.

Afgreiðsla: Samþykkt að aflýsa Íslandsmóti. Með þessu tekur LH samfélagslega ábyrgð á COVID-tímum. Samþykkt að formaður sendi eftirfarandi tilkynningu til fjölmiðla f.h. stjórnar LH:

Stjórn Landssambands hestamannafélaga hefur tekið þá ákvörðun að aflýsa fyrirhuguðu Íslandsmóti fullorðinna og ungmenna í hestaíþróttum sem halda átti 12. til 16. ágúst 2020.

Við þessar fordæmalausis aðstæður sem COVID-19 veiran hefur kallað yfir heimsbyggðina hefur Landssamband hestamannafélaga haft samfélagslega ábyrgð í forgrunni við allar ákvarðanatökur sem við höfum staðið frammi fyrir og er svo einnig núna.

Við teljum ekki forsvaranlegt í ljósi aðstæðna að Íslandsmótið 2020 verði haldið og höfum því ákveðið, í samráði við Hestamannafélagið Geysi, að aflýsa því.

Fundi slitið um kl. 21.30